

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/3****2021/EES/55/05****frá 30. september 2014****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um birtingarkröfur fyrir samsetta fjármálagerninga (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 8. gr. b,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 8. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 ættu fjárfestar að fá fullnægjandi upplýsingar um gæði og árangur undirliggjandi eigna sinna sem gera þeim kleift að gera upplýst mat á lánshæfi samsettra fjármálagerninga. Þetta myndi einnig draga úr hæði fjárfesta á lánshæfismötum og ætti að greiða fyrir útgáfu óumbeðinna lánshæfismata.
- 2) Reglugerð þessi ætti að gilda um alla fjármálagerninga eða aðrar eignir sem leiðir af verðbréfun viðskipta eða áætlunum sem um getur í 61. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(2)</sup> með því skilyrði að útgefandinn, upphafsaðilinn eða umsjónaraðilinn hafi staðfestu í Sambandinu og hafi því aðsetur sitt þar. Því ætti þessi reglugerð aðeins að ná yfir fjármálagerninga eða aðrar eignir sem leiða af viðskiptum eða áætlun þar sem útlánaáhætta er tengist áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er hlutskipt og hefur einkennin sem um getur í þeirri grein. Í samræmi við þá reglugerð ætti áhættuskuldbinding sem skapar beina greiðsluskyldu vegna viðskipta eða kerfisfyrirkomulags sem notað er til að fjármagna eða starfrækja efnislega eign ekki að teljast áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar, jafnvel þótt viðskiptin eða kerfisfyrirkomulagið feli í sér greiðsluskyldu með mismunandi forgangi.
- 3) Ekki ætti að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við útgáfu samsettra fjármálagerninga sem teljast vera verðbréf heldur ætti það einnig að ná til annarra fjármálagerninga og eigna sem stafa af verðbréfun viðskipta eða áætlana, á borð við peningamarkaðsgerninga, þ.m.t. eignatryggð skammtímaskuldabréfaáætlanir. Reglugerð þessi ætti einnig að gilda um samsetta fjármálagerninga með eða án lánshæfismats sem lánshæfismatsfyrirtæki, skráð í Sambandinu, hefur úthlutað. Einhliða og tvíhliða viðskipti ættu einnig að vera innan gildissviðs þessarar reglugerðar, sem og viðskipti sem eru ekki boðin út á almennum markaði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.
- 4) Reglugerð þessi inniheldur stöðluð sniðmát fyrir birtingu upplýsinga fyrir fjölda eignaflokka. Þessi stöðluðu sniðmát fyrir birtingar og allar kvaðir um skýrslugjöf samkvæmt þessari reglugerð ættu einungis að gilda um samsetta fjármálagerninga sem tryggðir eru með undirliggjandi eignum sem finna má í skránni yfir undirliggjandi eignaflokka sem tilgreindir eru í þessari reglugerð og eru jafnframt hvorki einhliða né tvíhliða eðlis, með fyrirvara um gildissvið þessarar reglugerðar og þar til Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur mótað kvaðir um skýrslugjöf og framkvæmdastjórnin samþykkt þær.
- 5) Útgefendur, upphafsaðilar og umsjónaraðilar ættu, þegar þeir fara að þessari reglugerð, einnig að fara að innlendi löggjöf og löggjöf Sambandsins sem gildir um vernd á trúnaði við heimildarmenn eða vinnslu persónuupplýsinga til að koma í veg fyrir brot á slíkri löggjöf.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

- 6) Útgefanda, upphafsaðila og umsjónaraðila er heimilt að tiltaka aðila sem ber ábyrgð á að greina frá upplýsingunum til vefsetursins sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin mun koma á fót í samræmi við 4. mgr. 8. gr. b reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 (vefsetur samsettra fjármálagerninga (SFI)). Einnig ætti að vera mögulegt að útvísta kvöð um skýrslugjöf til annars aðila, t.d. umsýslustofnunar. Þetta ætti að vera með fyrirvara um ábyrgð útgefanda, upphafsaðila og umsjónaraðila samkvæmt þessari reglugerð.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að miðla, á vefsetri sínu, fjölda tæknilegra skýrslugjafarfyrirmæla sem varða, meðal annars, sendingu eða form skráa sem útgefendur, upphafsaðilar og umsjónaraðilar leggja fram. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að miðla þessum tæknilegu skýrslugjafarfyrirmælum þegar við á og áður en kvaðirnar um skýrslugjöf, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, koma til framkvæmda, til að útgefendur, upphafsaðilar, umsjónaraðilar og aðrir viðkomandi aðilar fái nægan tíma til að móta fullnægjandi kerfi og verklagsreglur í kjölfar tæknilegu fyrirmællanna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lætur í té.
- 8) Taka ætti saman upplýsingarnar sem veita á samkvæmt þessari reglugerð á stöðluðu formi til greiða fyrir sjálfvirkri gagnavinnslu á vefsetri samsettra fjármálagerninga. Einnig ætti að birta upplýsingarnar á formi sem er mjög aðgengilegt hverjum notanda vefseturs samsettra fjármálagerninga. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að tryggja að lögbær yfirvöld í tilteknum geira hafi aðgang að vefsetri samsettra fjármálagerninga til að geta sinnt þeim verkefnum sem þeim er úthlutað samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1060/2009.
- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010<sup>(1)</sup>.
- 10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.
- 11) Nauðsynlegt er að gefa hæfilegan tíma til að gera útgefendum, upphafsáðilum og umsjónaraðilum samsettra fjármálagerninga, sem komið hefur verið á fót í Sambandinu, kleift að aðlagast og grípa til nauðsynlegra aðgerða til að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar og gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að þróa vefsetur samsettra fjármálagerninga þar sem birta ætti upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð. Því ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. janúar 2017. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti þó að miðla nauðsynlegum tæknilegum skýrslugjafarfyrirmælum í tæka tíð áður en reglugerð þessi kemur til framkvæmda. Þetta er nauðsynlegt til að gera útgefendum, upphafsáðilum og umsjónaraðilum samsettra fjármálagerninga sem komið er á fót í Sambandinu kleift að þróa fullnægjandi kerfi og verklagsreglur í kjölfar þessara tæknilegu fyrirmæla með það í huga að tryggja algjöra og rétta skýrslugjöf og til að taka tillit til frekari þróunar á fjármálamörkuðum í Sambandinu.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um samsetta fjármálagerninga þar sem útgefandinn, upphafsáðilinn eða umsjónaraðilinn hefur staðfestu í Sambandinu og gerningana sem eru gefnir út eftir að þessi reglugerð tekur gildi.

##### 2. gr.

#### Skýrslugefandi aðili

1. Útgefanda, upphafsaðila og umsjónaraðila samsetts fjármálagernings er heimilt að tiltaka einn eða fleiri skýrslugefandi aðila sem birta upplýsingarnar sem krafist er skv. 3. og 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar á vefsetrinu sem um getur í 4. mgr. 8. gr. b reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 (vefsetur samsettra fjármálagerninga). Þessir aðilar skulu birta umbeðnar upplýsingar á vefsetri samsettra fjármálagerninga í samræmi við 4.–7. gr. þessarar reglugerðar.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Útgefandi, upphafsaðili og umsjónaraðili samsetts fjármálagernings, sem hefur tiltekið aðilann eða aðilana sem um getur í 1. mgr., skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án ótilhlýðilegrar tafar um hvern þann aðila sem tilnefndur er í samræmi við þessa málsgrein. Tilnefning þessi skal ekki hafa áhrif á ábyrgð útgefandans, upphafsaðilans eða umsjónaraðilans á að fullnægja ákvæðum 8. gr. b reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

3. gr.

### Upplýsingar sem koma eiga fram í skýrslunni

Þegar samsettur fjármálagerningur er tryggður með einni af þeim undirliggjandi eignum sem um getur í 4. gr. skal skýrslugefandi aðilinn veita vefsetri samsettra fjármálagerninga eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingar um lánsstig gegnum stöðluð birtingarsniðmát sem er að finna í I.–VII. viðauka,
- b) þegar við á um samsetta fjármálagerninga, eftirfarandi skjöl, þ.m.t. ítarlega lýsingu á greiðsluflæði samsettu fjármálagerningana:
  - i. síðasta tilboðsýfirlit eða útboðs- og skráningarlýsing, ásamt endanlegum viðskiptaskjöllum, þ.m.t. opinber skjöl sem vísað er til í útboðs- og skráningarlýsingu eða sem gildir um stýringu viðskiptanna og að undanskildum lögfræðiálitum,
  - ii. samning um sölu eigna, samkomulag um úthlutun, skuldskeytingu eða yfirfærslusamkomulag og viðeigandi traustsýfirlýsingu,
  - iii. þjónustusamninga, öryggisafritun af þjónustusamningum, samninga um stjórnun og stýringu reiðufjár,
  - iv. vörslusjóðsskjal, tryggingarskjal, stofnanasamning, samkomulag um innstæðureikning, samning um tryggðá fjárfestingu, innfelldir skilmálar eða rammi höfuðsjóðs eða skilgreining rammisamnings,
  - v. viðeigandi samkomulag milli lánveitenda, skjalfesting skiptasamnings, víkjandi lánasamninga, lánasamninga vegna sprotafyrirtækis og samninga um lausafjárýrtingreiðslu,
  - vi. aðra undirliggjandi skjalfestingu sem er mikilvæg til skilnings á viðskiptunum,
- c) viðskiptasamantekt eða -yfirlit yfir helstu þætti samsetts fjármálagernings þegar útboðs- og skráningarlýsing hefur ekki verið samin í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB <sup>(1)</sup>, þ.m.t.:
  - i. uppbygging samnings,
  - ii. eiginleikar eignar, sjóðstreymi, endurbót á lánshæfi og stuðningsþættir lausafjárstöðu,
  - iii. atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda, samband skuldabréfaeigenda og annarra tryggðra lánveitenda í viðskiptum,
  - iv. skrá yfir kveikjur og atburði sem um getur í skjölunum sem veitt eru vefsetri samsettra fjármálagerninga í samræmi við b-lið og gætu haft veruleg áhrif á frammistöðu samsettu fjármálagerningana,
  - v. flæðirit þar sem koma fram yfirlit yfir viðskipti, lausafjárstöðu og skipulag eignarhalds,
- d) skýrslur fjárfestis þar sem er að finna upplýsingarnar í VIII. viðauka.

4. gr.

### Undirliggjandi eignir

Kröfurnar um upplýsingar sem settar eru fram í 3. gr. skulu gilda um samsetta fjármálagerninga sem tryggðir eru með eftirfarandi undirliggjandi eignum:

- a) íbúðaláni: þessi flokkur samsettra fjármálagerninga inniheldur samsetta fjármálagerninga sem tryggðir eru með fyrsta flokks veðlánnum og undirmálsveðlánnum og fasteignalánnum. Fyrir þennan flokk af samsettum fjármálagerningum skal láta vefsetri samsettra fjármálagerninga í té upplýsingarnar sem er að finna í smiðmáttinu í I. viðauka.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

- b) fasteignaveði í atvinnuhúsnaði: í þessum flokki samsettra fjármálagerna eru m.a. samsettir fjármálagerningar sem tryggðir eru með láni vegna smásölu- eða skrifstofuhúsnaðis, lán vegna sjúkrahúsa, umönnunaríbúða, geymsluaðstöðu, hótela, hjúkrunaraðstöðu, iðnaðar og fjölbýlishúsa. Fyrir þennan flokk af samsettum fjármálagerningum skal láta vefsetri samsettra fjármálagerna í té upplýsingarnar sem er að finna í smiðmáttinu í II. viðauka.
- c) láni til líttilla eða meðalstórra fyrirtækja: fyrir þennan flokk af samsettum fjármálagerningum skal láta vefsetri samsettra fjármálagerna í té upplýsingarnar sem er að finna í smiðmáttinu í III. viðauka,
- d) bílaláni: fyrir þennan flokk af samsettum fjármálagerningum skal láta vefsetri samsettra fjármálagerna í té upplýsingarnar sem er að finna í smiðmáttinu í IV. viðauka,
- e) neytendaláni: fyrir þennan flokk af samsettum fjármálagerningum skal láta vefsetri samsettra fjármálagerna í té upplýsingarnar sem er að finna í smiðmáttinu í V. viðauka,
- f) kreditkortaláni: fyrir þennan flokk af samsettum fjármálagerningum skal láta vefsetri samsettra fjármálagerna í té upplýsingarnar sem er að finna í smiðmáttinu í VI. viðauka,
- g) láni til einstaklinga og/eða fyrirtækja: fyrir þennan flokk af samsettum fjármálagerningum skal láta vefsetri samsettra fjármálagerna í té upplýsingarnar sem er að finna í smiðmáttinu í VII. viðauka.

5. gr.

#### Tíðni skýrslugjafar

1. Gera skal upplýsingarnar sem settar eru fram í a- og d-lið 3. gr. tiltækar á ársfjórðungsgrundvelli eigi síðar en einum mánuði eftir að inna þarf af hendi vaxtagreiðslu af viðkomandi samsettum fjármálagerningum.
2. Gera skal upplýsingarnar sem settar eru fram í b- og c-lið 3. gr. tiltækar án tafar eftir að samsettur fjármálagerningur hefur verið gefinn út.
3. Til viðbótar upplýsingunum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr.:
  - a) Þegar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 <sup>(1)</sup> um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) gilda einnig að því er varðar samsetta fjármálagerna skal skýrslugjafandi aðilinn einnig í kjölfarið greina tafarlaust frá allri birtingu upplýsinga samkvæmt þeirri grein á vefsetri samsettra fjármálagerna,
  - b) þegar a-liður á ekki við skal skýrslugjafandi aðilinn birta án tafar á vefsetri samsettra fjármálagerna sérhverja mikilvæga breytingu eða atburði í hverju eftirfarandi tilvika:
    - i. broti á skuldbindingum sem mælt er fyrir um í skjölunum sem afhent hafa verið í samræmi við b-lið 3. gr.,
    - ii. formgerðareiginleikum sem geta haft veruleg áhrif á frammistöðu samsettra fjármálagerningsins,
    - iii. áhættueinkennum samsettra fjármálagerningsins og undirliggjandi eigna.

6. gr.

#### Verklagsreglur við skýrslugjöf

1. Skýrslugjafandi aðilinn skal leggja fram gagnaskrár í samræmi við skýrslugjafarkerfi vefseturs samsettra fjármálagerna og tæknilegu fyrirælin sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir á vefsetri sínu.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtið. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta tæknileg fyrirmæli á vefsetri sínu eigi síðar en 1. júlí 2016.
3. Skýrslugefandi aðilinn skal vista skrárnar, sem sendar eru til eða tekið er við á vefsetri samsettra fjármálagerna á rafrænu formi, í a.m.k. fimm ár. Skýrslugefandi aðilinn, útgefandinn, upphafsaðilinn eða umsjónaraðilinn skal gera skrár þessar tiltækar lögbæru yfiröldunum í tilteknum geira samkvæmt beiðni, eins og skilgreint er í r-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.
4. Skýrslugefandi aðilinn, útgefandinn, upphafsaðilinn eða umsjónaraðilinn skal leiðrétta viðkomandi gögn án ótilhlýðilegrar tafar ef uppgötvast að staðreyndavillur eru í gögnunum sem afhent voru vefsetri samsettra fjármálagerna.

7. gr.

#### **Skýrslugjöf milli gildistökudags og dagsins þegar gerðin kemur til framkvæmda**

1. Skýrslugefandi aðilinn, útgefandinn, upphafsaðilinn eða umsjónaraðilinn skulu, að því er varðar samsetta fjármálagerna sem gefnir voru út á tímabilinu milli gildistökudags og dagsins þegar reglugerð þessi kemur til framkvæmda, aðeins fullnægja skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð þegar þær varða samsetta fjármálagerna sem eru enn útistandandi daginn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
2. Ekki skal krefja útgefanda, upphafsaðila eða umsjónaraðila um að halda afriti af upplýsingunum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð milli gildistökudags og dagsins þegar reglugerð þessi kemur til framkvæmda.

8. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2017.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. gilda þó frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## Skýrslugjafarsniðmát fyrir samsetta fjármálagerninga sem eru tryggðir með íbúðalánnum

EIGNIR:

Heiti gagnareits	Fast/ breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðanir
Lokadagsetning safns	Breytileg	Dagsetning	Tímamörk safnsins eða eignasafnsins. Allar dagsetningar birtast með ÁÁÁÁ-MM-DD formi.
Auðkenni safns	Fast	Texti/ tölustafir	Auðkenni/heiti safns eða eignasafns viðskipta.
Auðkenni láns	Fast	Texti/ tölustafir	Einkvæmt auðkenni (auðkennisnúmer) fyrir hvert lán. Auðkennisnúmer láns ætti ekki að breytast á líftíma viðskiptanna.
Upphafsaðili	Fastur	Texti	Lánveitandi sem veitti upphaflega lánið.
Auðkenni þjónustu	Fast	Texti/ tölustafir	Einkvæmt auðkenni á hverja umsýslustofnun til að flagga þá stofnun sem þjónustar lánið.
Auðkenni lántaka	Fast	Texti/ tölustafir	Einkvæmt auðkenni (auðkennisnúmer) á hvern lántaka (sýnir ekki rétt heiti viðkomandi) — til að mögulegt sé að auðkenna lántaka með mörg lán í safninu (t.d. eru frekari greiðslur/önnur veð sýnd sem aðgreindar færslur). Auðkennisnúmer lántaka ætti ekki að breytast á líftíma viðskiptanna.
Auðkenni eignar	Fast	Texti/ tölustafir	Einkvæmt auðkenni á hverja eign til að greiða fyrir að eignir með mörg lán í safninu séu auðkennd (t.d. eru frekari greiðslur/önnur veð sýnd sem aðgreindar færslur).

## Upplýsingar lántaka

Starf lántaka	Fast	Skrá	Starf fyrsta umsækjanda.
Frumtekjur	Fastar	Tölustafir	Staðfestar vergar árstekjur aðallántakanda (að leigutekjum undanskildum).
Sannprófun tekna fyrir frumtekjur	Fastar	Skrá	Sannprófun tekna fyrir frumtekjur.

## Eiginleikar láns

Upphafsdagur láns	Föst	Dagsetning/ tölustafir	Dagsetning upphafsgreiðslu láns.
Gjalddagi láns	Breytilegur	Dagsetning/ tölustafir	Gjalddagi láns.
Tilgangur	Fastur	Skrá	Tilgangur með lánveitingu.
Lánaskilmálar	Fastir	Tölustafir	Upphaflegir samningsskilmálar (fjöldi mánaða).
Nafnvirði gjaldmiðils láns	Fast	Skrá	Nafnvirði gjaldmiðils láns.
Upphafleg staða	Föst	Tölustafir	Upphafleg lánastaða (að meðtöldum gjöldum).

Heiti gagnareits	Fast/ breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðanir
Núverandi staða	Breytileg	Tölustafir	Fjárhæð lána sem er útstandandi við lokadagsetningu safns. Þar á meðal ættu að vera allar fjárhæðir sem eru tryggðar í veðláninu og verða flokkaðir sem höfuðstóll í viðskiptunum.
Endurgreiðsluaðferð	Föst	Skrá	Tegund endurgreiðsluaðferðar.
Tíðni greiðslna	Föst	Skrá	Tíðni gjaldfallinna greiðslna, þ.e. fjöldi mánaða milli greiðslna.
Afborgun	Breytileg	Tölustafir	Reglubundin afborgun samkvæmt samningi (afborgun sem greiða á ef ekkert annað greiðslufyrirkomulag er í gildi).
Greiðslutegund	Föst	Skrá	Tegund afborgunar af höfuðstól.

**Vextir**

Vaxtategund	Föst	Skrá	Vaxtategund.
Núverandi vaxtavísitala	Breytileg	Skrá	Núverandi vaxtavísitala (viðmiðunarvextir sem vextir veðlána eru miðaðir við).
Núverandi vextir	Breytilegir	Tölustafir	Núverandi vextir (%).
Núverandi vikmörk vaxta	Breytilegur	Tölustafir	Núverandi vikmörk vaxta (fyrir lán með föstum vöxtum er þetta eins og núverandi vextir, fyrir lán með fljótandi vöxtum eru þetta vikmörk sem eru hærri (eða lægri ef inntakið er neikvætt) en vísitöluhlutfallið).
Bil á milli endurstillingar vaxta	Breytilegt	Tölustafir	Bilið í mánuðum á milli þess að vöxtum er breytt (fyrir fljótandi lán).
Vikmörk fyrir 1. endurskoðun	Breytileg	Tölustafir	Vikmörkin (%) fyrir lánið á fyrsta endurskoðunardegi.
Vaxtadagur fyrir 1. endurskoðun	Breytilegur	Dagsetning/ tölustafir	Dagsetning þegar vextir breytast næst (t.d. breytingar á ávöxtun umfram vísitölu, lok fastra tímabila, lán fest að nýju, o.s.frv. Hér er ekki um næsta endurstillingardag LIBOR-vaxta að ræða).
Vikmörk fyrir 2. endurskoðun	Breytileg	Tölustafir	Vikmörkin (%) fyrir lánið á öðrum endurskoðunardegi.
Vaxtadagur fyrir 2. endurskoðun	Breytilegur	Dagsetning/ tölustafir	Dagsetning 2. vaxtabreytingar.
Vikmörk fyrir 3. endurskoðun	Breytileg	Tölustafir	Vikmörkin (%) fyrir lánið á þriðja endurskoðunardegi.
Vaxtadagur fyrir 3. endurskoðun	Breytilegur	Dagsetning/ tölustafir	Dagsetning 3. vaxtabreytingar.
Endurskoðuð vaxtavísitala	Breytileg	Skrá	Næsta vaxtavísitala

**Eign og viðbótartrygging**

Póstnúmer eignar	Fast	Texti/ tölustafir	Að lágmarki verður að gefa upp fyrstu tvo eða þrjá stafina.
Tegund eignar	Föst	Skrá	Tegund eignar.

Heiti gagnareits	Fast/ breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðanir
Upphafleg veðsetning	Fast	Tölustafir	Upphaflega staðfest veðsetningarhlutfall upphafsaðila. Fyrir önnur veð ætti þetta að vera samanlagt veðsetningarhlutfall eða heildarveðsetningarhlutfall.
Fjárhæð mats	Föst	Tölustafir	Verðmæti eignar frá og með dagsetningu síðustu greiðslu af láni áður en verðbréfun fer fram. Fjárhæðir mats ættu að vera í sama gjaldmiðli og lánið.
Upprunaleg tegund matsverðs	Föst	Skrá	Matstegund við útgáfu.
Dagsetning verðmats	Föst	Dagsetning/ tölustafir	Dagsetning síðasta eignamats frá og með dagsetningu síðustu greiðslu af láni áður en verðbréfun fer fram.
Núverandi veðsetningarhlutfall	Breytileg	Tölustafir	Núverandi veðsetningarhlutfall upphafsaðila. Fyrir önnur veð ætti þetta að vera samanlagt veðsetningarhlutfall eða heildarveðsetningarhlutfall.
Núverandi fjárhæð mats	Breytileg	Tölustafir	Síðasta fjárhæð mats (ef, til dæmis, mörg mót voru fyrir hendi við endurheimt eignarréttar, ætti það að endurspeglar hið lægsta). Fjárhæðir mats ættu að vera í sama gjaldmiðli og lánið.
Núverandi tegund mats	Breytileg	Skrá	Núverandi tegund mats.
Núverandi dagsetning mats	Breytileg	Dagsetning/ tölustafir	Dagsetning síðasta verðmats.

#### Upplýsingar um árangur

Staða reiknings	Breytileg	Skrá	Núverandi staða reiknings.
Vanskilastaða	Breytileg	Tölustafir	Núverandi staða vanskila. Vanskil eru skilgreind sem: heildargreiðslur á gjalddaga samkvæmt samningum að FRÁDREGNUM heildargreiðslum sem reiddar voru fram að þeim tíma að FRÁDREGNUM eignfærðum fjárhæðum. Ekki skal telja með greiðslur sem lagðar voru inn á reikninginn.
Fjöldi vanskilamánaða	Breytilegur	Tölustafir	Fjöldi mánaða þar sem lán þetta er í vanskilum (lokadagsetning safns) samkvæmt skilgreiningu útgefandans.
Vanskil fyrir einum mánuði	Breytileg	Tölustafir	Staða vanskila (skilgreind á hverja „vanskilastöðu“) fyrir undangenginn mánuð.
Vanskil fyrir tveimur mánuðum	Breytileg	Tölustafir	Staða vanskila (skilgreind á hverja „vanskilastöðu“) fyrir tveimur mánuðum.
Málaferli	Breytileg	J/N	Flöggun til að tilgreina að málaferli standi yfir.
Innlausnardagur	Breytilegur	Dagsetning/ tölustafir	Dagsetning þegar reikningurinn er innleystur.
Vanskil eða nauðungarsala	Breytileg	Tölustafir	Heildarfjárhæð vanskila áður en söluhagnaður og endurheimtur koma til.
Dagsetning vanskila eða nauðungarsölu	Breytileg	Tölustafir	Dagsetning vanskila eða nauðungarsölu.
Lægri mörk söluverðs	Breytileg	Tölustafir	Verð sem fæst við sölu eignar á nauðungarsölu, námundað niður til næstu 10 000.



Heiti gagnareits	Fast/ breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðanir
Tap á sölu	Breytilegt	Tölustafir	Altjón hreinna gjalda, áfallnir vextir o.s.frv. eftir að söluhagnaður kemur til (að undanskildu gjaldi fyrir endurgreiðslu ef það fellur undir innheimtu af höfuðstól).
Uppsafnaðar endurheimtur	Breytilegar	Tölustafir	Uppsafnaðar endurheimtur — skipta aðeins máli ef tap hefur orðið.

## UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉF:

Heiti gagnareits	Fastar/ breytilegar	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðanir
------------------	------------------------	-------------	---------------------------------------

## Gagnareitir með upplýsingum um verðbréfa- eða skuldabréfastig

Dagsetning skýrslu	Breytileg	Dagsetning	Dagsetningin þegar viðskiptaskýrslan var gefin út. Allar dagsetningar birtast með ÁÁÁÁ-MM-DD formi.
Útgefandi	Fastur	Texti	Heiti útgefanda og útgáfuraðar, ef við á.
Notkun á lausafjárþyrir-greiðslu	Breytileg	J/N	Staðfestið hvort notkun hafi verið á lausafjárþyrirgreiðslunni á tímabilinu sem lauk á síðasta vaxtagreiðsludegi.

## Gagnareitir um öryggisstig gagna

Kveikjumál/-hlutföll	Breytileg	J/N	Staða mismunandi vanrækslu, þynningar, vanskila, taps og svipaðra mælinga hlutfalls á veði að því er varðar snemmbúna afborgun eða önnur kveikjuatburðarstig, eins og á núverandi ákvörðunardagsetningu. Hefur einhver kveikjuatburður átt sér stað?
Fast meðaltalshlutfall fyrirframgreiðslu	Breytilegt	Tölustafir	<p>Skýrslan skal fela í sér fast meðaltalshlutfall fyrirframgreiðslu (e. CPR) með undirliggjandi veðláni með tryggingu í íbúðarhúsnæði. Safn veðlana getur einnig innihaldið, í sumum lögsögum, viðskiptalán. Meðaltalshlutfall fyrirframgreiðslu er fjárhæðin sem gefin er upp sem árlegt hlutfall höfuðstóls sem er fyrirframgreidd umfram áætlaðar endurgreiðslur. Meðaltalshlutfall fyrirframgreiðslu er reiknað út með því að deila fyrst eftirstöðvum höfuðstóls af veðláni með veði í íbúðarhúsnæði (þ.e. núverandi stöðu) með áætluðum greiðslum af höfuðstóli veðláns með veði í íbúðarhúsnæði, að því gefnu að engar fyrirframgreiðslur hafi verið inntar af hendi (þ.e. að aðeins áætlaðar greiðslur hafi farið fram). Hlutfallið er síðan hækkað upp til veldis þar sem veldisvísirinn er magnið tólf deilt með fjölda mánaða frá útgáfu. Útkoman er dregin frá einum og síðan margfölduð með hundrað (100) til að ákvarða meðaltalshlutfall fyrirframgreiðslu. Útreikningur þessi er gefinn upp á eftirfarandi hátt:</p> $\text{Meðaltalshlutfall fyrirframgreiðslu} = 100 \left( 1 - \left( \frac{\text{Eftirstöðvar höfuðstóls af veðláni með veði í íbúðarhúsnæði}}{\text{Áætlaðar greiðslur af höfuðstóli veðláns með veði í íbúðarhúsnæði}} \right)^{\frac{12}{\text{mánuðir frá útgáfu}}} \right)$

## Upplýsingar um tengilið fyrir viðskiptaskýrslu

Tengiliður	Fastur	Texti	Heiti deildarinnar eða tengiliðar sem veitir, eða tengiliðanna sem veita, upplýsingarnar.
Upplýsingar um tengilið	Fastur	Texti	Símanúmer og tölvupóstfang.

## UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉF EFTIR ÁHÆTTULAGI:

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
<b>Gagnareitir á áhættulagssviði</b>			
Heiti skulda- bréfaflokks	Fast	Texti/ tölustafir	Merki (gjarnan stafur og/eða númer) sem gefið er áhættulagi RMBS sem sýnir sömu réttindi, sama forgang og einkenni, eins og skilgreint er í lýsingunni, þ.e. Röð 1 Flokkur A1, o.s.frv.
Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa	Fast	Texti/ tölustafir	Alþjóðlegur auðkenniskóði eða -kóðar verðbréfa eða, ef ekkert alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa er fyrirleggjandi, sérhver annar einstakur öryggiskóði á borð við CUSIP sem verðbréfamarkaður eða annar aðili úthlutar til áhættulagsins. Skilja á milli með kommu ef fleiri en einn kóði er finnst upp.
Vaxtagreiðsludagur	Breytilegur	Dagsetning	Reglubundna dagsetningin þegar áætlað er að fram fari vaxtagreiðsla til eigenda tiltekins áhættulags veðláns með veði í íbúðarhúsnæði sem tryggt er með samsettum fjármálagerningi.
Dagsetning afborgunar af höfuðstól	Breytileg	Dagsetning	Reglubundin dagsetning þegar áætlað er að fram fari afborgun af höfuðstól til eigenda tiltekins áhættulags veðláns með veði í íbúðarhúsnæði sem tryggt er með samsettum fjármálagerningi.
Gjaldmiðill	Fastur	Texti	Gjaldmiðill eða -miðlar sem verðbréfastaða og -greiðslur eru skráðar í.
Viðmiðunarhlutfall	Fast	Skrá	Grunnur viðmiðunarvaxtavísitölunnar eins og hann er skilgreindur í tilboðsýfirlitinu (t.d. þriggja mánaða Euribor-vextir) og gildir um tiltekið áhættulag veðláns með veði í íbúðarhúsnæði sem tryggt er með samsettum fjármálagerningi.
Útgáfudagur skuldabréfs	Fastur	Dagsetning	Dagsetningin þegar skuldabréfin voru gefin út.

## II. VIÐAUKI

**Gögn um lánsstig —Skýrslugjafarsniðmát fyrir samsetta fjármálagerninga sem tryggðir eru með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði**

LÁN:

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
<b>Auðkenni láns</b>			
Auðkenni safns viðskiptafærslna	Fast	Texti/tölustafir	Einstök viðskiptafærsla eða heiti samnings.
Lokadagsetning safns	Breytileg	Dagsetning	Núverandi lokadagsetning safns eða eignasafns.
Verðbréfunardagur	Fastur	Dagsetning	Útgáfudagur samningsins — fyrsti skráningardagur skuldabréfs
<b>Upphaflegir lánaskilmálar</b>			
Auðkenni hóps	Fast	Texti/tölustafir	Alstafakóðinn sem úthlutað er til hvers lánahóps innan útgáfu.
Auðkenni umsýslustofnunar láns	Fast	Texti/tölustafir	Einkvæm auðkenning strengs umsýslustofnunar láns sem úthlutar láninu.
Auðkenni útboðsskjal láns	Fast	Texti/tölustafir	Sérstakt númer eða heiti færsluheitis sem úthlutað er til útboðsskjals eða lýsingar láns innan viðskiptafærslunnar eða safnsins.
Umsjónaraðili lánsins	Fastur	Texti/tölustafir	Umsjónaraðili lánsins.
Útgáfudagur láns	Fastur	Dagsetning	Dagsetning upphafsgreiðslu láns.
Gjaldmiðill láns	Fastur	Skrá	Nafnvirði gjaldmiðils láns
Heildarlánastaða á útgáfudegi	Föst	Tölustafir	Heildarlánastaða við útgáfu stendur fyrir 100% af heildinni, þ.e. verðbréfuð og ekki verðbréfuð/fjárhæð í eign og ekki í eign (í gjaldmiðli lánsins).
Upphaflegir skilmálar láns	Fastir	Tölustafir	Samningsskilmálar (í mánuðum) á útgáfudegi.
Upphafsdagur afborgana	Fastur	Dagsetning	Dagurinn þegar afborganir hefjast á heildarláninu (getur verið dagsetning fyrir verðbréfunardaginn).
Vísitölukóði vaxta	Fastur	Skrá	Núverandi vaxtavísitala (viðmiðunarvextir sem vextir veðlána miðast við).
Vextir á upprunalega láninu	Fastir	Tölustafir	Heildarvextir af láni á útgáfudegi Beita á vegnu meðaltali vaxtastuðla ef mörg áhættulög eru með ólíkum vöxtum.
Fyrsta dagsetning afborgunar vaxta	Föst	Dagsetning	Dagsetningin þegar fyrsta vaxtagreiðslan af láninu, eftir útgáfudag þess, kom á gjalddaga.
Lánsland	Fast	Skrá	Land þar sem lánið var tekið.
Tilgangur með lánveitingu	Fastur	Skrá	Tilgangur með lánveitingu.
Veðlán til tryggingar	Fast	J/N	Er lánið tryggt með veðlánnum í eignunum?

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
<b>Tölfræðilegar upplýsingar um lán á verðbréfunardegi</b>			
Hlutfall skuldaþekju af (heildar-) lánum á verðbréfunardeginum	Fast	Tölustafir	Hlutfall skuldaþekju af (heildar-) lánum á verðbréfunardeginum.
Veðsetningarhlutfall af (heildar-) lánum á verðbréfunardeginum	Fast	Tölustafir	Veðsetningarhlutfallið af (heildar-) lánum á verðbréfunardeginum.
Þekjuhlfall (A-láns) vaxta á verðbréfunardegi	Fast	Tölustafir	Útreikningur á þekjuhlfalli vaxta við verðbréfun á A-lánum byggist á útboðsskjalinu.
Þekjuhlfall (A-láns) skulda á verðbréfunardegi	Fast	Tölustafir	Útreikningur á þekjuhlfalli skulda við verðbréfun á A-lánum byggist á útboðsskjalinu.
Veðsetningarhlutfall (A-láns) á verðbréfunardegi	Fast	Tölustafir	Útreikningur á veðsetningarhlutfalli við verðbréfun (veðsetningarhlutfall) á A-lánum byggist á útboðsskjalinu.
Skuldbundnar eftirstöðvar höfuðstóls á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Skuldbundnar eftirstöðvar, þ.m.t. óadregnar fjárhæðir, heildarlánsins á verðbréfunardegi.
Núverandi eftirstöðvar höfuðstóls (heildarláns) á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Núverandi eftirstöðvar höfuðstóls heildarlánsins á verðbréfunardegi, eins og þær eru auðkenndar í útboðsskjalinu.
Reglubundnar höfuðstóls- og vaxtagreiðslur á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Fjárhæð af höfuðstól og vöxtum sem áætlað er að falli á gjalddaga á næsta greiðsludegi af láninu, sem og á verðbréfunardegi.
Veðsetningarhlutfall á verðbréfunardegi	Fast	Tölustafir	Heildarvextir (t.d. Libor + framlegð) sem notaðir eru til reikna út vexti sem falla á lánið á verðbréfunardegi.
Flokkun eftir gjöldum á verðbréfunardegi	Föst	Skrá	Er tryggingin, sem veitt er verðbréfuninni, fyrsta flokks trygging?
Eftirstandandi tími á verðbréfunardegi	Fastur	Tölustafir	Fjöldi eftirstandandi mánaða (að undanskildum möguleikum á framlengingu) fram til gjalddaga láns á verðbréfunardegi.
Eftirstandandi afborgunartími á verðbréfunardegi	Fastur	Tölustafir	Fjöldi eftirstandandi mánaða fram til gjalddaga láns á afborgunartíma. Þetta verður skemmra en eftirstandandi tími á verðbréfunardegi ef afborgun hefur ekki hafist á verðbréfunardegi.
Gjalddagi láns á verðbréfunardegi	Fastur	Dagsetning	Gjalddagi láns eins og hann er skilgreindur í lánssamningnum. Með þessu yrði ekki tekið tillit til framlengingar á gjalddaga, sem getur verið heimilað samkvæmt lánasamningnum, heldur upphaflega gjalddagans.
Núverandi eftirstöðvar höfuðstóls (A-láns) á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Núverandi eftirstöðvar höfuðstóls A-lánsins á verðbréfunardegi, eins og þær eru auðkenndar í útboðsskjalinu.
Möguleiki á framlengingu	Breytilegur	J/N	Gefið til kynna hvort möguleiki sé á að framlengja skilmála lánsins og færa gjalddagann fram í tímann.

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
Hversu lengi stysti framlengingarmöguleiki varir	Fastur	Tölustafir	Hversu lengi stysti framlengingarmöguleiki sem láninu býðst varir (í mánuðum).
Eðli framlengingarmöguleikans	Fast	Skrá	Tegund framlengingarmöguleikans.

**Upplýsingar um veð**

Fjöldi eigna á verðbréfunardegi	Fastur	Tölustafir	Fjöldi eigna sem eru veð fyrir lán á verðbréfunardegi.
Fjöldi eigna við lokadagsetningu safns	Breytilegur	Tölustafir	Fjöldi eigna sem eru veð fyrir lán við lokadagsetningu safns.
Eignir settar að veði fyrir lán í verðbréfun	Fastar	Texti/tölustafir	Skráðu einkvæmt auðkenni eignar (PC1) fyrir eignirnar sem settar voru að veði fyrir lán á verðbréfunardegi.
Eignir sem settar voru að veði fyrir láni við lokadagsetningu safns	Breytilegar	Texti/tölustafir	Skráðu einkvæmt auðkenni eignar (PC1) fyrir eignirnar sem settar voru að veði fyrir láni við lokadagsetninguna.

**Upplýsingar um lánsþingning**

Aðferð við þekjuhluftfall vaxta (heildarlán)	Föst	Skrá	Skilgreinið útreikning á aðferð við þekjuhluftfall í fjárhagslegri samningskröfu á heildarlánastigi, þ.e. tilætlaða reikniaðferð.
Aðferð við þekjuhluftfall skulda (heildarlán)	Föst	Skrá	Skilgreinið útreikning á aðferð við þekjuhluftfall skulda í fjárhagslegri samningskröfu á heildarlánastigi, þ.e. tilætlaða reikniaðferð.
Aðferð við (heildar) veðsetningu	Föst	Skrá	Skilgreinið útreikning á aðferð við veðsetningarhluftfall skulda í fjárhagslegri samningskröfu á heildarlánastigi, þ.e. áætlaða reikniaðferð.
Annar kóði (heildar) fjármögnunarsamnings	Fastur	Skrá	Ef annars kóða er krafist fyrir þekjuhluftfall vaxta eða þekjuhluftfall skulda í fjárhagslegri samningskröfu á heildarlánstigi.
Aðferð við þekjuhluftfall vaxta (A-lán)	Föst	Skrá	Skilgreinið reikniaðferð þekjuhluftfalls vaxta á A-lánnum.
Aðferð við þekjuhluftfall skulda (A-lán)	Föst	Skrá	Skilgreinið reikniaðferð þekjuhluftfalls skulda á A-lánnum.
Aðferð við veðsetningu (A-lán)	Föst	Skrá	Skilgreinið reikniaðferð veðsetningarhluftfalls á A-lánnum.

**Undirliggjandi tölfræðilegar upplýsingar um eignir á verðbréfunardegi**

Tekjur á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Staðfestar heildartekjur allra aðila af eign sem er lýst í útboðsskjalinu. Takið saman verðmæti eignanna, sé um margar eignir að ræða.
Rekstrarútgjöld á verðbréfunardegi	Föst	Tölustafir	Staðfestar heildar rekstrarútgjöld af eignum eins og þeim er lýst í útboðsskjalinu. Í þessu geta falist fasteignaskattar, tryggingar, stjórnarkostnaður, nytjahlutir, viðhald og viðgerðir og beinn kostnaður leigusala við eignina; fjárfestingarútgjöld og umboðslaun vegna leigu eru undanskilin.

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
Hreinar rekstrartekjur á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Tekjur að frádregnum rekstrarútgjöldum á verðbréfunardegi (Gagnareitur „Tekjur á verðbréfunardegi“ að frádregnum „rekstrarútgjöldum á verðbréfunardegi“). Takið saman verðmæti eignanna, sé um margar eignir að ræða.
Fjárfestingarútgjöld á verðbréfunardegi	Föst	Tölustafir	Fjárfestingarútgjöld á verðbréfunardegi (andstætt viðgerðum og viðhaldi), ef þau eru auðkennd í útboðsskjalinu.
Hreinar tekjur á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Hreinar rekstrartekjur á verðbréfunardegi (Gagnareitur „Hreinar rekstrartekjur á verðbréfunardegi“ að frádregnum „fjárfestingarútgjöldum á verðbréfunardegi“).
Gjaldmiðill reikningsskila í verðbréfun	Fastur	Skrá	Gjaldmiðillinn sem notaður er í upphaflegum reikningsskilum í Gagnareitum „Tekjur á verðbréfunardegi“ og „Hreinar tekjur á verðbréfunardegi“.
Þekjuhluutfall tekna/þekjuhluutfall skulda á verðbréfunardegi	Fast	Skrá	Hvernig þekjuhluutfall skulda er reiknað út/því beitt þegar að baki láni eru veð í mörgum eignum.
Virði eignasafns á verðbréfunardegi	Fast	Tölustafir	Verðmat eignanna sem tryggja lánið á verðbréfunardegi eins og lýst er í útboðsskjalinu. Takið saman verðmæti eignanna ef um margar eignir er að ræða.
Gjaldmiðill verðmats á eignasafni á verðbréfunardegi	Fastur	Skrá	Gjaldmiðill verðmatsins í „virði eignasafns á verðbréfunardegi“.
Verðmatsdagur á verðbréfunardegi	Fastur	Dagsetning	Verðmatsdagurinn var undirbúinn fyrir verðmætin sem birt voru í útboðsskjalinu. Veljið síðasta daginn ef margir dagar eru nefndir ef um margar eignir er að ræða.
Efnahagslegur umráðatími á verðbréfunardegi	Fastur	Tölustafir	Hundraðshluti leigjanlegs rýmis með undirrituðum leigusamningi á verðbréfunardegi ef það er birt í útboðsskjalinu (leigjendur búa þar ekki endilega en greiða leigu). Ef margar eignir nota vegið meðaltal með útreikningi $\{ \} \{ \text{eru í leigu \% (eign)} \times (\text{búseta}) \}$ fyrir hverja eign.
Fjárhæðir geymdar í vörslu á verðbréfunardegi	Fastar	Tölustafir	Heildarstaðan á lögákvörðuðum varasjóði á lánsstigi á verðbréfunardegi.
Safn vörslufjár	Fast	J/N	Tilgreinið með J ef greiðslur eru geymdar í varasjóðum til þess að standa einungis straum af leigu á landi, tryggingu eða sköttum (ekki viðhaldi, endurbótum, fjárfestingarútgjöldum, o.s.frv.) eins og krafist er í lánsamningnum, merkið annars við með N.
Safn annarra varasjóða	Fast	J/N	Eru aðrar fjárhæðir en skattar af leigutekjum af landi eða tryggingu í varasjóði eins og krafist er samkvæmt skilmálum lánsamningsins fyrir endurbætur leigjanda, leigubóknanir og svipaða þætti að því er varðar tengda eign eða til að veita viðbótartryggingu fyrir slíkt lán?

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
Vörslufé sem geymt er fari svo að kveikjuviðburður verði.	Fast	J/N	Krefst lánssamningurinn fjárhæða í varasjóði sem koma munu til ef kveikjuviðburður eiga sér stað?
Kveikja þess að fé er sett í vörslu	Föst	Skrá	Tegund kveikjuviðburðar.
Reiknaðar vörslufjárhæðir/varasjóðir	Fastar	Tölustafir	Reiknaðar vörslufjárhæðir/varasjóðir.
Skilyrði fyrir losun vörslureikninga	Föst	Texti	Losunarskilyrði vörslureikningsins.
Skilyrði fyrir því að taka út af varasjóði	Föst	Skrá	Hvenær hægt er að nota varasjóðinn.
Gjaldmiðill vörslufjár	Fastur	Skrá	Gjaldmiðill vörslufjárgreiðslna. Reitir „Fjárhæðir geymdar í vörslu á verðbréfunardegi“ og „Reiknaðar vörslufjárhæðir/varasjóðir“.

#### Upplýsingar um flokkun og staðgengi lána

Víxlverðtryggt lán	Fast	J/N	Gefið til kynna ef þetta er víxlverðtryggt lán (dæmi: lán 1 og 44 eru víxlverðtryggð lán, sem og lán 4 og 47).
Staðgengislán	Breytilegt	J/N	Er þetta lán staðgengi annars láns á dagsetningu eftir verðbréfunardaginn?
Dagsetning staðgöngu	Breytileg	Dagsetning	Ef staðgengi láns var eftir verðbréfunardaginn, dagsetning slíks staðgengis.
Heimila má greiðslufrest	Fast	Tölustafir	Fjöldi daga eftir að greiðsla er á gjalddaga þar sem lánveitandi mun ekki leggja á vanskilagjald eða tilkynna um að greiðslan hafi borist of seint.
Viðbótar fjármögnunarvísir	Fastur	Skrá	Hefur allt lánið fengið viðbótarfjármögnun/millilagsskuld?

#### Upplýsingar um vexti af láni (á verðbréfunardegi)

Vaxtategund	Föst	Skrá	Vaxtategund sem gildir um lánið.
Aðferðarkóði við uppsafnaða vexti	Fastur	Skrá	Reglan um „daga“ sem notaðir eru til að reikna út vexti.
Vextir í vanskilum	Fastir	J/N	Eru vextirnir sem hafa fallið á lánið greiddir eftir á?
Afborgunartegund A-láns (ef við á)	Föst	Skrá	Afborgunartegund A-láns.

#### Upplýsingar um afborgun heildarláns (á verðbréfunardegi)

Afborgunartegund heildarláns (ef við á)	Föst	Skrá	Afborgunartegund heildarláns.
Uppsöfnun vaxta er heimil	Fastir	J/N	Heimil lánssamningurinn að vextir verði greiddir eftir á og eignfærðir?

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
Lokadagur til að koma í veg fyrir uppgreiðslu láns	Fastur	Dagsetning	Dagurinn eftir hvern lánveitandinn heimilar uppgreiðslu lánsins.
Lokadagur á greiðslu hagnaðar vegna uppgreiðslu	Fastur	Dagsetning	Dagurinn eftir hvern lánveitandinn heimilar uppgreiðslu lánsins án kröfu um greiðslu uppgreiðslugjalds eða hagnaðar vegna uppgreiðslu. Dagurinn eftir hvern hægt er að innleysa lán án þess að greiða afrakstur vegna uppgreiðslu.
Lokadagur uppgreiðslugjalds	Fastur	Dagsetning	Dagurinn eftir hvern lánveitandinn heimilar uppgreiðslu lánsins án kröfu um greiðslu uppgreiðslugjalds.
Lýsing á skilmálum uppgreiðslu	Föst	Texti/tölustafir	Ætti að endurspeglu upplýsingarnar í útboðsskjalinu. Til dæmis, ef uppgreiðsluskilmálarnir eru greiðsla 1% þóknunar á fyrsta ári, 0,5% á öðru ári og 0,25% á þriðja ári af láninu, getur þetta komið fram í útboðsskjalinu sem: 1% (12), 0,5% (24), 0,25% (36).
Leiða vanskil á kröfum sem flokkaðar eru sem forgangskröfur til vanskila lánsins?	Fast	J/N	Leiða vanskil á kröfum sem flokkaðar eru sem forgangskröfur til vanskila lánsins?
Leiða vanskil á jafnstæðum lánunum til vanskila á eign?	Föst	J/N	Leiða vanskil á jafnstæðum lánunum til vanskila á eign?

#### Upplýsingar um áhættuvörn láns (á verðbréfunardegi)

Efri mörk á endingartíma vaxta	Föst	Tölustafir	Hámarkshlutfall sem lántaki verður að greiða af fljótandi vöxtum láns eins og krafist er samkvæmt skilmálum lánsamningsins.
Lægri mörk á endingartíma vaxta	Föst	Tölustafir	Lágmarkshlutfall sem lántaki verður að greiða af láni með fljótandi vöxtum eins og krafist er samkvæmt skilmálum lánsamningsins.
Tegund lánsstigs skiptasamnings	Föst	Skrá	Lýsið tegund af lánsstigi skiptasamnings sem á við.
Söluaðili lánaskiptisamnings	Breytilegur	Texti	Heiti söluaðila lánaskiptisamningsins.
Vaxtategund lánsstigs skiptasamnings	Föst	Skrá	Lýsið vaxtategund skiptasamnings sem gildir um lánið.
Tegund lánsstigs gjaldeyris-skiptasamnings	Föst	Skrá	Lýsið tegund gjaldeyris-skiptasamnings.
Gengi á lánsstigi skiptasamnings	Fast	Tölustafir	Gengið sem hefur verið ákveðið fyrir lánsstig gjaldeyris-skiptasamnings.
Upphafsdagur lánsstigs skiptasamnings	Fastur	Dagsetning	Upphafsdagur lánsstigs skiptasamnings.
Lokadagur lánsstigs skiptasamnings	Fastur	Dagsetning	Lokadagur lánsstigs skiptasamnings.
Skylda lántaka að greiða áfallinn kostnað vegna lánsstigs skiptasamnings	Föst	Skrá	Að hvaða marki lántaka ber skylda til að greiða áfallinn kostnað vegna söluaðila lánaskiptisamnings.



Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
------------------	-----------------	-------------	--------------------------------------

**Upplýsingar um breytingar á veðsetningarhlutfalli (á verðbréfunardegi)**

Tíðni greiðslu	Fast	Skrá	Tíðni vaxtagreiðslna og afborgana vegna lána samkvæmt upphaflegum lánessamningum.
Tíðni endurákvörðunar vaxta	Föst	Skrá	Tíðni endurákvörðunar vaxta samkvæmt upphaflegum lánessamningum.
Tíðni endurákvörðunar afborgana	Föst	Skrá	Tíðni endurákvörðunar afborgana lána og vaxta samkvæmt upphaflegum lánessamningum.
Saga vísitölu, í dögum	Föst	Tölustafir	Fjöldi daga fyrir dagsetningu vaxtagreiðslunnar þar sem vextirnir eru ákveðnir (t.d. að Euribor-vextir séu ákveðnir tveimur dögum fyrir dagsetningu vaxtagreiðslu).
Ákvörðunardagsetning vaxta	Föst	Dagsetning	Færðu inn næstu ákvörðunardagsetningu vaxta ef lánessamningurinn nefnir tiltekna dagsetningar þegar ákveða á vísitöluna.

**Lán margra aðila og upplýsingar um þátttöku**

Lánasamsetning	Föst	Skrá	Notaðu lánasamsetningarkóða til að lýsa því hvaða samsetning gildir um þetta lán, t.d. heildarlán, A/B skiptingar eða fjölbankalán.
Fjölbankalán	Fast	J/N	Er lánið hluti af fjölbankaláni?
Hlutfall heildarlánssamnings sem er verðbréfað	Fast	Tölustafir	Hlutfall heildarláns í verðbréfunardeggi.
Réttur ráðandi aðila til efnislegra ákvarðana	Fastur	J/N	Hefur eigandi einhverrar hlutdeildar, annar en útgefandi, heimild til að taka meiriháttar ákvarðanir?
Umboðsbanki fjölbankalánsins	Fastur	Texti	Umboðsbanki.

**Margs konar lánsupplýsingar**

Úrræði vegna brots á fjármögnunarsamningi	Föst	Skrá	Úrræði vegna brots á fjármögnunarsamningi.
Upphafsaðili lánsins	Fastur	Texti	Heiti upphafsaðilans/lánveitandans sem seldi lánið til útgefandans. Heiti aðila sem ber endanlega ábyrgð á fyrirsvari og ábyrgðum vegna lánsins.
Viðurlög vegna afhendingar fjárhagsupplýsinga	Föst	Skrá	Vísir að viðurlögum vegna þess að lántaki hefur vanrækt að leggja fram umbeðnar fjárhagsupplýsingar (rekstrarreikning, áætlanir, o.s.frv.) á hvern lánasamning.
Endurkröfuréttur lána	Fastur	J/N	Er endurkröfuréttur á annan aðila (t.d. ábyrgðaraðila) ef lántaki lendir í vanskilum með skuldbindingu samkvæmt lánessamningnum?
Námundunarkóði	Fastur	Skrá	Aðferðin við að námunda vexti.

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
Námundaður gildisauki	Fastur	Tölustafir	Hlutfall gildisaukans sem vextir ættu að vera námundaðir með við ákvörðun á vöxtum eins og þeir eru settir fram í lánessamningnum.
Heiti sérstaks stjórnanda á verðbréfunardegi	Fast	Texti	Heiti sérstaks stjórnanda á verðbréfunardegi.
Umfang þjónustu	Fast	Skrá	Umfang þjónustu (valkvætt). Veitir stjórnandi lánsins þjónustu við heildarlánið (bæði A- og B-hluta) eða einungis A- eða B-hluta?

#### Upplýsingar um dagsetningu greiðslu

Greiðsludagur af láni	Breytilegur	Dagsetning	Dagsetningin þegar höfuðstóll og vextir greiðast útgefandanum, hér yrði jafnan um að ræða vaxtagreiðsludagsetning lánsins.
Greiddur til og með dagsetningu	Breytileg	Dagsetning	Dagsetningin þegar allar greiðslur hafa verið inntar af hendi, án greiðslufalls. Þessi verður greiðsludagur af láni sem hefur ekki lent í vanskilum beint á undan dagsetningunni sem skráð er í gagnareitinn „Greiðsludagur af láni“.
Endurstillingardagur vísitölu	Breytilegur	Dagsetning	Næsta dagsetning þegar vextir, á lánum með breytanlega vexti, eiga að breytast. Sláðu inn næsta afborgunardag vaxta á lánum með föstum vöxtum.
Næsti breytingardagur greiðslu	Breytilegur	Dagsetning	Næsta dagsetning þegar áætlað er að fjárhæð höfuðstóls og/eða vaxta eigi að breytast á lánum með breytanlega vexti. Sláðu inn næsta greiðsludag á lánum með föstum vöxtum.
Gjalddagur láns	Breytilegur	Dagsetning	Núverandi gjalddagi lánsins, eins og hann er skilgreindur í lánessamningnum. Með þessu yrði ekki tekið tillit til samþykktar á framlengingu á gjalddaga sem gæti verið heimilað samkvæmt lánessamningnum.
Næsti greiðsludagur af láni	Breytilegur	Dagsetning	Dagsetning næsta greiðsludags.

#### Upplýsingar um vexti

Núverandi vísitala (heildarlán)	Breytileg	Tölustafir	Vísitalan sem notuð er til að ákvarða núverandi vexti á heildarláni. Vextirnir (fyrir framlegð) sem notaðir eru til að reikna út greidda vexti afborgana af (heildar) láni í gagnareitnum „Greiðsludagur af láni“.
Núverandi framlegðarhlutfall (heildarlán)	Breytilegt	Tölustafir	Framlegð sem notuð er til að ákvarða núverandi vexti á heildarláni. Framlegðin sem notuð er til að reikna út greidda vexti afborgana af (heildar) láni í gagnareitnum „Greiðsludagur af láni“.
Núverandi vextir (heildarlán)	Breytilegir	Tölustafir	Heildarvextir sem notaðir eru til að reikna út vexti sem greiddir eru á greiðsludegi af (heildar) láni í gagnareitunum „Greiðsludagur af láni“ (summa af gagnareitnum „Núverandi vísitala (heildarlán)“ og „Núverandi framlegðarhlutfall (heildarlán)“ fyrir fljótandi lán).

Heiti gagnareits	Fast/breytilegt	Gagnategund	Skilgreining gagnareits og viðmiðana
Núverandi vextir (A-lán)	Breytilegir	Tölustafir	Vergt árlegt hlutfall sem notað er til að reikna út áætlaða vexti á yfirstandandi tímabil af A-hluta lánsins.
Næsta vísitala (heildarlán)	Breytileg	Tölustafir	Næsta tímabil vísitölu sem notuð er til að ákvarða núverandi vexti á heildarláni. Vextirmir (fyrir framlegð) sem notaðir eru til að reikna út vexti af útistandandi núverandi lánastöðu (heildarlán) „Útistandandi núverandi lánastaða (heildarlán)“.
Núverandi vanskilahlutfall (heildarlán)	Breytilegt	Tölustafir	Heildarvextir sem notaðir eru til að reikna út vanskilavexti sem greiddir eru á greiðsludegi láns í gagnareitnum „Greiðsludagur af láni“.

#### Upplýsingar um höfuðstól

Núverandi byrjun upphafsstöðu (heildarlán)	Breytileg	Tölustafir	Eftirstöðvar við upphaf yfirstandandi tímabils. Eftirstöðvar lánsins við upphaf vaxtatímabilsins, notaðar til að reikna út gjaldfallna vexti af greiðsludegi láns í gagnareitnum „Greiðsludagur af láni“.
Áætlaður höfuðstóll (heildarlán)	Breytilegur	Tölustafir	Áætluð afborgun af höfuðstól láns fyrir yfirstandandi tímabil. Afborgun af höfuðstól sem greiða á útgefandanum á greiðsludegi af láni í gagnareitnum „Greiðsludagur af láni“, t.d. afborgun en ekki uppgreiðslur.
